Messur

Guðsþjónustur í Reykjavíkurprófastsdæmi

Árbæjarprestakall: Guðsþjónusta kl. 11 árdegis. Organleikari Jón Mýrdal. Sr. Guðmundur Þorsteinsson.
Ásprestakall: Vegna sumarleyfa sóknarprests og starfsfólks er minnt á messu í Laugarneskirkju kl. 11. Sóknarprestur.
Bústaðakirkja: Guðsþjónusta kl. 11. Organisti Guðni Þ. Guðmundsson. Sr. Pálmi Matthíasson.

Dómkirkjan: Laugardagur 23. júní: Messa í Viðeyjarkirkju kl. 14 á Jónsmessuhátíð Viðeyingafélagsins. Sr. Jakob Ágúst Hjálmarsson. Sunnudagur 24. júní. Jónsmessa. Kl. 11 prestsvígsla. Biskup Íslands herra Ólafur Skúlason vígir til prestsþjónustu eftirtalda kandidata í guðfræði: Guðnýju Hallgrímsdóttur til þjónustu við fatlaða. Hjört Hjartarson til Ásaprestakalls í Skaftafellsprófastsdæmi. Sigríði Guðmarsdóttur til Staðarprestakalls í Ísafjarðarprófastsdæmi, sr. Sigurð Kristin Sigurðsson til Setbergsprestakalls í Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi. Vígsluvottar verða sr. Ingiberg J. Hannesson prófastur, sr. Karl Matthíasson, sr. Sighvatur Birgir Emilsson, sr. Sigurður H. Guðmundsson. Auk þeirra annast ritningalestur Arnþór Helgason, formaður Öryrkjabandalagsins. Altarisþjónustu annast sr. Jakob Ágúst Hjálmarsson dómkirkjuprestur. Dómkórinn og kór Víðistaðakirkju syngja við athöfnina. Orgelleikari Marteinn Hunger Friðriksson. Dómkirkjan.

Elliheimilið Grund: Guðsþjónusta kl. 14. Sr. Kristinn Hóseasson prédikar. Sr. Grímur Grímsson þjónar fyrir altari. Félag fyrrverandi sóknarpresta.

Fella- og Hólakirkja: Guðsþjónusta með altarisgöngu kl. 20.30. (Ath. breyttan messutíma). Þorvaldur Halldórsson og félagar sjá um söng. Prestur sr. Guðmundur Karl Ágústsson. Samverustund fyrir M.E. félaga (lútersk hjónahelgi) eftir guðsþjónustana.

Fríkirkjan í Reykjavík: Guðsþjónusta kl. 14.00. Miðvikudagur 27. júní morgunandakt kl. 7.30. Orgelleikari: Pavel Smid. Cecil Haraldsson.

Grensáskirkja: Guðsþjónusta kl. 11. Organisti Árni Arinbjarnarson. Prestarnir.
Hallgrímskirkja: Messa kl. 11. Sr. Sigurður Jónsson á Patreksfirði prédikar. Sr. Karl Sigurbjörnsson þjónar fyrir altari. Þriðjudagur: Fyrirbænaguðsþjónusta kl. 10.30. Beðið fyrir sjúkum.

Landspítalinn: Messa kl. 10. Sr. Bragi Skúlason.
Háteigskirkja: Hámessa kl. 11. Sr. Arngrímur Jónsson. Kvöldbænir og fyrirbænir eru í kirkjunni á miðvikudögum kl. 18. Prestarnir.

Kópavogskirkja: Guðsþjónusta í Kópavogskirkju kl. 11. Sr. Þorbergur Kristjánsson.
Langholtskirkja: Kirkja Guðbrands biskups. Guðsþjónusta kl. 11. Norski kórinn Raumklang syngur gospellög, Þór Hauksson guðfræðinemi prédikar. Organisti Þóra Guðmundsdóttir. Kaffi í safnaðarheimilinu eftir stundina. Sr. Þórhallur Heimisson.

Laugarneskirkja: Messa kl. 11. Altarisganga. Heitt á könnunni eftir messu. Organisti Ronald V. Turner. Síðasta hádegiskyrrðarstundin fyrir sumarfrí á fimmtudaginn kl. 12, orgelleikur, fyrirbænir, altarisganga. Sóknarprestur.
Neskirkja: Guðsþjónusta kl. 11. Sr. Frank M. Halldórsson. Organisti Reynir Jónasson. Miðvikudagur: Fyrirbænamessa kl. 18.20. Sr. Frank M. Halldórsson.
Seljakirkja: Guðsþjónusta kl. 20. Altarisganga. Ólöf Sesselja Óskarsdóttir leikur á selló. Organisti Kjartan Sigurjónsson. Molasopi eftir guðsþjónustu. Sóknarprestur.
Seltjarnarneskirkja: Messa kl. 11. Organisti Gyða Halldórsdóttir. Sóknarprestur sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir kveður söfnuðinn fyrir orlof sitt.


Kjarvalsstaðir:

Íslensk höggmyndalist

Að Kjarvalsstöðum stendur yfir í öllu húsinu yfirlitssýning á íslenskri höggmyndalist fram til ársins 1950.

Á sýningunni eru verk eftir Einar Jónsson, Ásmund Sveinsson, Sigurjón Ólafsson, Gunnfríði Jónsdóttur, Guðmund frá Miðdal, Ríkharð Jónsson, Magnús Á. Árnason, Nínu Sæmundsson og Martein Guðmundsson.

Sýningin er framlag Kjarvalsstaða til Listahátíðar 1990.




Á Kjarvalsstöðum gefur að líta höggmyndalist fram til ársins 1950.

Herminjar skoðaðar

Náttúruverndarfélag Suðvesturlands stendur fyrir skoðunarferð á herminjum á Suðurnesjum á laugardag.

Á Stapanum verður rætt um umsvif hersins á Suðurnesjum á stríðsárunum, síðan ekið um flugvallarsvæðið og herminjar skoðaðar. Þaðan verður ekið út undir Þórshöfn og gengin stutt leið yfir að Básendum og Stafnesi. Frá Stafnesi verður ekið með ströndinni um Sandgerði, Garð og Leiru. Í bakaleiðinni verður viðkoma á Fitjanesti og í Vogum.

Leiðsögumaður er Friðþór Eydal.




Sýningarsalurinn í Þernunesi er nýinnréttaður og þar eru fyrirhugaðar myndlistarsýningar annað veifið.

Þernunes í Garðabæ:

Gunnar I. Guðjónsson sýnir

Gunnar I. Guðjónsson listmálari hefur opnað sýningu á verkum sínum í nýjum sýningarsal að Þernunesi 4 í Arnarnesi í Garðarbæ. Á sýningunni eru olíumálverk, bæði ný af nálinni og frá ýmsum tímum á ferli Gunnars.

Hinn nýi sýningarsalur er í eigu Gunnars Gunnarssonar og nefnist Gunnarssalur, kenndur við föður Gunnars, Gunnar Sigurðsson, sem látinn er fyrir allmörgum árum en hann var þekktur unnandi myndlistar og fyrsti maðurinn hér á landi sem rak gallerí en það var í Ásmundarsal við Freyjugötu.



Það er margt hægt að fá í krambúðinni sem sett hefur verið upp í Árbæjarsa

Árbæjarsafn:

Þrjár sýningar

Upplagt er að upplifa lifandi fortíð í Árbæjarsafni um helgina. Nýlega voru opnaðar þrjár nýjar sýningar og margt nýtt annað er að sjá í Árbæjarsafni. Safnið er opið frá kl. 10–18. Kaffihús safnsins, Dillonshús, er ávallt opið á sama tíma og safnið. Gestum til ánægju mun Karl Jónatansson leika á harmóníku í Dillonshúsi á sunnudag.

Á Árbæjarsafni hefur verið opnuð krambúð að hætti aldamótakaupmanns við hlið Dillonshúss. Á 19. öld verslaði fólk í krambúðum og hélst það verslunarlag langt fram yfir síðustu aldamót. Í krambúðinni er ýmislegt á boðstólum, meðal annars nýmalað kaffi, þurrkaðir ávextir, kandís og fleira. Í sama húsi er til sýnis merkilegt safn vigta og voga er nýlega bárust Árbæjarsafni að gjöf.

Í tilefni 550 ára afmælis prentlistar á Íslandi er prentminjasýning á Árbæjarsafni. Þar er í einu safnhúsanna heimili og verkstæði prentara



Dómkórinn í Reykjavík heldur Jónsmessutónleika í Dómkirkjunni á laugardag leg og veraldleg kórlög.

Ferðalög

Ferðafélag Íslands
Laugardagur 23. júní kl. 20
Jónsmessunæturganga Ferðafélagsins Sog – Djúpavatn – Ketilstígur. Fjölbreytt ganga í Reykjanesfólkvangi. Stöðuvötn, gígar, litrík hverasvæði og fl. Þægileg ganga. Komið til baka upp úr miðnætti. Verð kr. 1.000. Brottför frá BSÍ, austanmegin. Allir velkomnir.


Jónsmessuhelgi í Þórsmörk
22.–24. júní.
Ný Þórsmerkurferð með góðri dagskrá fyrir unga sem aldna á sérstöku kynningarverði. Tilvalin fjölskylduferð. Gist í Skagfjörðsskála, Langadal, og tjöldum. Meðal dagskrárliða eru ratleikur, leikir, pylsugrill, kvöldvaka (ljóð og lög Þórsmerkurskálda rifjuð upp), Jónsmessunæturganga og margt fl. Ennfremur verða í boði lengri og styttri gönguferðir, m.a. inn á afréttinn Almenninga (Kápa, Lakar). Afbragðs grillaðstaða.
Aðrar góðar helgarferðir um Jónsmessuna
22.–24. júní
a. Eiríksjökull. Tjaldað í Hvítárdrögum. Gengið á Eiríksjökul gleymir enginn. Litið í Surtshelli og fl. Fararstjóri: Jón Viðar Sigurðsson.
B. Hellakönnunarferð – Borgarfjörður (uppsveitir). Þetta er einstakt tækifæri til að kynnast neðanjarðarheimi íslenskrar náttúru. Farið í marga af stærstu hraunhellum landsins í fylgd jarðfræðinganna Björns Hróarssonar og Sigurðar Sveins Jónssonar. Tjaldað á Húsafelli. Sundlaug. Upplýs. og farm. á skrifstofunni, Öldugötu 3.

Sunnudagur 24. júní.
1. kl. 8. Þórsmörk, dagsferð og til sumardvalar. Verð kr. 2000 í dagsferðina (hálft gjald fyrir 7–15 ára). Fjölskyldutilboð á sumardvöl. Miðvikudagsferð 27. júní. **2. kl. 13. Verferð 3: Selatangar.** Á Selatöngum eru merkar minjar um útræði fyrri tíma. Lok vorvertíðar samkvæmt fornu tímatali. Fiskbyrgi, verbúðaminjar, refagildrur, sérstæðar klettaborgir, Nótahellirinn o.fl. merkilegt skoðað. Tilvalin fjölskylduferð. Verð 1000 kr., frítt f. 15 ára og yngri í fylgd foreldra sinna. Brottför í ferðirnar frá Umferðarmiðstöðinni, austanmegin. Allir velkomnir.

Útivist um helgina
Jónsmessunæturganga
Laugardag, 23. júní. Með Akraborginni upp á Akranes. Gengið út með ströndinni og á Akrafjall þaðan sem fylgst verður með sólarlagi. Rútuferð til baka eftir miðnætti. Framhaldsganga í nágrenni Reykjavíkur. Brottför kl. 18.30 frá Grófarbryggju.
Þórsmerkurgangan, 11. ferð, sunnudag 24. júní.
Holtahreppur hinn forni. Fylgt verður gömlu þjóðleiðinni frá Ásahverfi yfir að Ytri-Rangá. Komið verður við hjá Hellistjörn. Auðveld ganga. Staðfróðir Rangæingar verða með í för. Ath. breyttan brottfarartíma. Það verður farið kl. 9.30 frá Umferðarmiðstöð – bensínsölu. Stansað við Árbæjarsafn.

Tapað – fundið

Kettlingur fannst á Grenimel
Grábröndóttur kettlingur, um það bil 3 mánaða, fannst á Grenimel. Kisi er ólarlaus en er sýnilega heimilisköttur. Upplýsingar um kisa er að fá í síma 14945.



Tinna er týnd
Hún er svört, frekar lítil læða með hvítar loppur og hvítt á trýni. Hún er með gráa ól og rautt spjald. Þeir sem eitthvað vita um ferðir hennar eru vinsamlegast beðnir um að hringja í síma 623087 eða koma í Þingholtsstræti 23.